

Reykjavík 10. október 2022

Formaður fjárlaganefndar
Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir

Efni: Boðaður niðurskurður til Fjölmenntar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar

Í frumvarpi til fjárlaga ársins 2023, grein 22.20 *Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig* segir í lið 07-451 Fullorðinsfræðsla fatlaðs fólks að framlag ársins til starfseminnar verði 270,3 milljónir. Þetta er skerðing um 13,8 milljónir miðað við framlag ársins 2022.

Stjórn Fjölmenntar mótmælir þessari skerðingu og bendir á að lækkunin muni hafa mikil áhrif á starfsemina. Íslenska ríkið hefur undirritað samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og þar með skuldbundið sig til að veita fötluðu fólki þau mannréttindi og tækifæri sem þar er kveðið á um. Samningurinn kveður m.a. á um rétt fólks með þroskahömlun til menntunar á öllum skólastigum. Það er á ábyrgð stjórnvalda að tryggja að slík menntun sé í boði. Það er því óskiljanlegt að gert sé ráð fyrir lækkun framlaga til Fjölmenntar.

Til að fylgja máli okkar eftir óskum við hér með eftir fundi með fjárlaganefnd til að gera grein fyrir starfsemi Fjölmenntar og mikilvægi hennar fyrir þann markhóp sem nýtur menntunar hjá stofnuninni.

Fyrir hönd stjórnar Fjölmenntar,



Helga Gísladóttir, forstöðumaður Fjölmenntar